

Zik Zak  
Melhaga 20-22  
107 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2021  
UST202111-044/I.M.B.  
09.08.02

### **Efni: Umsókn um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Zik Zak, dagsett 3. nóvember 2021, um leyfi til aksturs utan vega við suðurenda Langahryggs vegna kvikmyndatöku þann 13. nóvember 2021.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að aka tveimur bifreiðum með þungum tækjabúnaði fyrir kvikmyndatöku um 500m vegalengd vegna kvikmyndatöku, þann 13. nóvember 2021. Ekið verður eftir stíg sem liggur frá túni að hrauninu við suðurenda Langahryggs. Bifreiðarnar verða einungis notaðar til að flytja búnað og verða ekki myndaðar. Með umsókninni fylgdu kort sem sýna fyrirhugaða akstursleið og tókustað.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni, eins og því er lýst hér að ofan, ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins. Líklegt er að gestir svæðisins verði fyrir truflun á meðan verkefninu stendur. Með því að farið verði eftir neðangreindum skilmálum telur stofnunin að draga meggi enn frekar úr áhrifum verkefnisins.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Zik Zak fyrir sitt leyti leyfi fyrir að aka um 500m leið að suðurenda Langahryggs sbr. lýsingu hér að ofan, þann 13. nóvember 2021, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um verkefnið að því loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leyfi landeigenda og lögreglu þarf einnig fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir ákvæði sérstakrar verndar, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og því óheimilt að raska því eða fjarlægja. Af öryggisástæðum er fólk beðið um að ganga ekki á hrauninu. Jafnframt bendir stofnunin á að svæðið er á óvissustigi og það er hættulegt að vera í nánd við hraunið vegna mögulegrar staðbundinnar gasmengunar. Hér er hægt að nálgast frekari upplýsingar um dvöl á svæðinu <https://safetravel.is/gos-a-reykjanesi?lang=is>

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Magnús Freyr Sigurkarlsson  
*sérfræðingur*